



ÍTR
Ómar Einarsson
Borgartúni 14
105 Reykjavík

Reykjavík 28/7/2020

Varðar: Víkingur í Safamýri – þjónustusamningur, akstur og verkefnastjórn

Aðalstjórn Víkings óskar eftir því að Reykjavíkurborg gangi frá formlegum þjónustusamningi vegna Safamýri við Knattspyrnufélagið Víking. Mikilvægt er að semja annars vegar vegna þeirra verkefna sem félagið tekur að sér strax í ágúst og hins vegar til framtíðar.

Nú liggur fyrir að félagið tekur yfir yngstu aldursflokkana í handknattleik og knattspyrnu strax þegar skólar byrja í ágúst. Auk þess hefur karatedeildin verið starfrækt í Safamýri frá byrjun árs. Þetta kallar á umtalsverðan akstur milli félagssvæðanna alla virka daga milli kl. 14 og 18. Uppleggið er að 50 manna rúta verði á ferðinni til að tengja svæðin og mun það kosta á milli 1,0 – 1,2 milljónir á mánuði skv. tilboði.

Einnig er ákaflega brýnt að ráða verkefnastjóra/íþróttastjóra sem hefði málefni Safamýrar á sinni könnu enda alveg ljóst að þessu verkefni verður ekki bætt á núverandi starfsmenn.

Nú eru aðeins þrjár vikur í að skólar hefjist, og þar með þessi þjónusta, og því óskum við eftir að erindið verði afgreitt hratt og vel.

Virðingarfyllst,

F.h. Knattspyrnufélagsins Víkings

Haraldur Haraldsson
Framkvæmdastjóri